

Ed.

437. Nefndarálit

[131. mál]

um frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Mæla undirritaðir með því, að það verði samþykkt óbreytt, en tveir nm., þeir BjörnJ og KK, munu skila sérálitum.

Frv. felur í sér breytingu á framkvæmd innflutnings-, gjaldeyris- og fjárfestingarmála í samræmi við yfirlýsta stefnu núv. ríkisstjórnar. Við teljum, að hið aukna frelsi á þessum sviðum muni hafa í för með sér betri nýtingu þess gjaldeyris, sem þjóðin aflar, og verði þannig spor í þá átt að auka þjóðartekjurnar og draga úr dýrtíðinni, auk þess sem hin breytta framkvæmd hefur í för með sér talsverðan sparnað. Breytingar þær, er til framkvæmda kæmu, eftir að frv. þetta er orðið að lögum, eru því að okkar áliti til bóta, og mælum við því með samþykkt þess.

Alþingi, 11. maí 1960.

Ólafur Björnsson,
form., frsm.

Jón Þorsteinsson,
fundaskr.

Magnús Jónsson.